

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 851/2013

2014/EES/23/16

frá 3. september 2013

um leyfi fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 18. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að heilsufullyrðingar er varða matvæli séu bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 var samþykkt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012⁽²⁾ um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælaframtækja skuli senda lögþærum landsyfirvöldum aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögþær landsyfirvöld skulu framsenda gildar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.
- 4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 5) Til að hvetja til nýsköpunar skal enn fremur flýta fyrir málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir þær heilsufullyrðingar sem byggjast á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eda fela í sér kröfu um vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar.
- 6) Í kjölfar umsóknar frá GlaxoSmithKline Services Unlimited, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingum sem varðar áhrif nýrrar

samsetningar á súrum óáfengum drykk á það að draga úr úrkölkun tanna (spurning nr. EFSA-Q-2010-00784)⁽³⁾. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „„Tannvæni““ (e. *toothkind*) drykkir stuðla að því að viðhalda heilbrigðum tönnum.“

- 7) Hinn 16. desember 2010 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á dæmigerðum hefðbundnum ávaxtdrykkjum fjórum sinnum á dag og dæmigerðum drykkjarvörum, sem innihalda sykur, (8–12 g sykur/100 ml) sjö sinnum á dag og úrkölkun tanna. Enn fremur komst hún að þeirri niðurstöðu að það að skipta þessum drykkjarvörum út fyrir „tannvæna“ drykki geti stuðlað að því að draga úr úrkölkun tanna.
- 8) Í kjölfar samráðs við aðildarríkin óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin veitti viðbótarráðgjöf, m.a. um það hvort þessi jákvæðu áhrif komi í ljós eða hvort búast megi við því að þau komi í ljós hjá neytendum sem neyta sjaldnar hefðbundinna ávaxtdrykkja og dæmigerðra óáfengra drykkja sem innihalda sykur. Í álitni sínu frá 8. júlí 2011 (spurning nr. EFSA-Q-2011-00781)⁽⁴⁾ komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að búast megi við jákvæðum áhrifum að því er varðar að viðhalda kölkun tanna hjá fólki sem neytir hefðbundinna ávaxtdrykkja eða óáfengra drykkja, sem innihalda sykur, og sem neytir einnig reglulega sykurs og/eda síra úr öðrum drykkjarvörum eða matvælum, sem geta stuðlað að úrkölkun tanna, ef einum eða fleiri skömmtum af hefðbundnu ávaxtdrykkjunum eða óáfengu drykkjunum, sem innihalda sykur, er skipt út fyrir jafnmarga skammta af „tannvænum“ ávaxtdrykkjum. Enn fremur var útskýrt að „minnkun á úrkölkun tanna“ hefði svipaða merkingu og „viðhalda kölkun tanna“. Því telst heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu og þar sem tekin eru fram tiltekin notkunarskilyrði, uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og ætti að bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 432/2012.
- 9) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í álitni sínu að hún hefði ekki getað komist að þessari niðurstöðu án þess að taka 15 rannsóknir, sem umsækjandinn hélt fram að nyttu einkaleyfaverndar, til athugunar. Þessar rannsóknir eru eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 235, 4.9.2013, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1).

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(12), 1884.

⁽⁴⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(7), 2293.

- Adams G, North M, De’Ath J, yfirrannsakandi: West NX, 2004. An investigation into the Erosive Effect of Hot Drinks. GlaxoSmithKline Report NHCMA0303, Breska konungsríkið,
- Adams G, North M, yfirrannsakandi: Duggal MS, 2003. Development of Intra-Oral Cariogenicity (ICT) Model #3. GlaxoSmithKline Report NHCMA0301, Breska konungsríkið,
- Adnitt C, Adams G, North M, yfirrannsakandi: Toumba KJ., 2005. Development of Intra-Oral Cariogenicity (ICT) Model #4. GlaxoSmithKline Report NHCMA0302, Breska konungsríkið,
- Broughton J, North, M, Roman L, yfirrannsakandi: Toumba KJ., 2006. Development of Intra-Oral Cariogenicity (ICT) Model #5. GlaxoSmithKline Report NHCMA0401, Breska konungsríkið,
- De’Ath, J, North M, Smith S, yfirrannsakandi: Ong TJ., 2002a. A single blind, four-way crossover study to investigate the effect of two formulations of fruit drinks in comparison to a positive control (sucrose) and a negative control (sorbitol) on the pH of dental plaque. GlaxoSmithKline Report N1760182, Breska konungsríkið,
- De’Ath J, North M, Smith S, yfirrannsakandi: Jackson R, 2002b. A single blind, four-way crossover study to investigate the effect of two formulations of fruit drinks in comparison to a positive control (sucrose) and a negative control (sorbitol) on the pH of dental plaque. GlaxoSmithKline Report N1760183, Breska konungsríkið,
- De’Ath J, North M, Smith S, yfirrannsakandi: Preston A, 2002c. A single blind, four-way crossover study to investigate the effect of two formulations of fruit drinks in comparison to a positive control (sucrose) and a negative control (sorbitol) on the pH of dental plaque. GlaxoSmithKline Report N1760184, Breska konungsríkið,
- De’Ath J, Moohan M, Smith S, yfirrannsakandi: Toumba KJ, 2003. A single blind, four-way crossover study to investigate the effect of two formulations of fruit drinks in comparison to a positive control (sucrose) and a negative control (sorbitol) on the pH of dental plaque. GlaxoSmithKline Report N1010201, Breska konungsríkið,
- Gard’ner K, Moohan M, Smith S, yfirrannsakandi: Ong TJ, 2003a. A single blind, four-way crossover study to investigate the effect of two formulations of fruit drinks in comparison to a positive control (sucrose) and a negative control (sorbitol) on the pH of dental plaque. GlaxoSmithKline Report N1010199, Breska konungsríkið,
- Gard’ner K, Moohan M, Smith S, yfirrannsakandi: Jackson R, 2003b. A single blind, four-way crossover study to investigate the effect of two formulations of fruit drinks in comparison to a positive control (sucrose) and a negative control (sorbitol) on the pH of dental plaque. GlaxoSmithKline Report N1010200, Breska konungsríkið,
- Hollas M, McAuliffe T, Finke M, yfirrannsakandi: West NX, 2005. An investigation into the effect of a modified blackcurrant drink on tooth enamel with and without additional tooth brushing. GlaxoSmithKline Report NMA0501, Breska konungsríkið,
- May R, and Hughes JM, yfirrannsakandi: Toumba KJ, 1998c. A single blind, five-way crossover study to investigate the effect of three new formulations of fruit drinks in comparison to a positive control (sucrose) and a negative control (sorbitol) on the pH of dental plaque. GlaxoSmithKline Report N1010068, Breska konungsríkið,
- May R, and Moohan M, yfirrannsakandi: Duggal MS, 1999. A single blind, three-way crossover study to investigate the effect of a new formulation of fruit drink in comparison to a positive control (sucrose) and a negative control (sorbitol) on the pH of dental plaque in children. GlaxoSmithKline Report N1010104, Breska konungsríkið,
- May R, Darby-Dowan A, Smith S, yfirrannsakandi: Curzon M, 1998a. A single blind, five-way crossover healthy volunteer study to investigate the effect of a new orange and a new strawberry formulation of fruit drink in comparison to a blackcurrant fruit

- drink and two control treatments on the pH of dental plaque. GlaxoSmithKline Report N1010021, Breska konungsríkið,
- May R, Hughes JM, yfirrannsakandi: Duggal MS, 1998b. A single blind, five-way crossover study to investigate the effect of three new formulations of fruit drinks in comparison to a positive control (sucrose) and a negative control (sorbitol) on the pH of dental plaque. GlaxoSmithKline Report N1010067, Breska konungsríkið.
- 10) Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram til rökstuðnings og litið er svo á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, séu uppfylltar að því er varðar allar fimmtán rannsóknirnar sem fullyrta er að njóti einkaleyfaverndar. Í bréfi dagsettu 12. júní 2013 upplýsti umsækjandinn framkvæmdastjórnina um að gerðar hafi verið nokkrar breytingar á skipulagi og staðsetningu fyrirtækisins. Því hefur umsækjandinn farið formlega fram á að vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar sé veitt GlaxoSmithKline Services Unlimited og hlutdeildarfélagum þess GSK House, 980 Great West Road, Brentford, TW89GS, Breska konungsríkinu. Til samræmis við það má ekki nota vísindagögnin og aðrar upplýsingar í þessum rannsóknnum í þágu umsækjanda, sem leggur síðar fram umsókn, í fimm ár frá þeim degi sem leyfið var veitt í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.
- 11) Í kjölfar umsóknar frá Kraft Foods Europe — Biscuits R & D, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif hægmeltanlegrar sterkju (e. *slowly digestible starch*, SDS) í matvælum sem innihalda sterkju og minni aukningu á blóðsykri eftir máltíðir (spurning nr. EFSA-Q-2010-00966)⁽⁵⁾. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Hægmeltanleg sterkja er uppspretta kolvetna sem eru reglulega og stöðugt tekin upp og losuð frá. Þau stuðla að hóflegri aukningu á blóðsykri eftir máltíðir.“
- 12) Hinn 21. júlí 2011 fengu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli neyslu á hægmeltanlegri sterkju samanborið við neyslu á hraðmeltanlegri sterkju (e. *rapidly digestible starch*, RDS) í kornafurðum og minni aukningar á blóðsykri eftir máltíðir. Því telst heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og ætti að bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 432/2012.
- 13) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í álitni sínu að þörf hefði verið á rannsóknunum fjórum, sem umsækjandinn fullyrðir að njóti einkaleyfaverndar, til að setja skilyrði fyrir notkun á þessari tilteknu fullyrðingu. Þessar rannsóknir eru eftirfarandi:
- Brand-Miller JC, Holt S, Atkinson F, Fuzellier G og Agnetti V, 2006. Determination of the postprandial responses to two cereal foods eaten alone or as part of a mixed meal,
- Laville M, Rabasa-Lhoret R, Normand S og Braesco V, 2005. Measurement of metabolic outcome of carbohydrates of two types of cereal products,
- Rabasa-Lhoret R, Peronnet F, Jannot C, Fuzellier G og Gausseres N, 2007. Metabolic fate of four cereal products consumed as part of a breakfast by healthy female subjects,
- Vinoy S, Aubert R og Chapelot D, 2000. A cereal product high in slowly available glucose increases subsequent satiety feelings and decreases glucose and insulin responses.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram til rökstuðnings og litið er svo á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, séu uppfylltar að því er varðar rannsóknirnar sem fullyrta er að njóti einkaleyfaverndar. Í bréfi dagsettu 1. október 2012 upplýsti umsækjandinn framkvæmdastjórnina um endurskipulagningarferlið þar sem Kraft Foods samstæðan breytti atvinnurekstri sínum og myndaði þar með tvær óháðar samstæður, önnur þeirra er Mondelēz International samstæðan. Frá og með 1. október 2012 tilheyrir Kraft Foods Europe — Biscuits R & D Mondelēz International samstæðunni og umsækjandinn fór formlega fram á að vernd einkaleyfisverndaðra gagna yrði veitt Mondelēz International samstæðunni. Til samræmis við það má ekki nota vísindagögnin og aðrar upplýsingar í þessum rannsóknnum í þágu umsækjanda, sem leggur síðar fram umsókn, í fimm ár frá þeim degi sem leyfið var veitt í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.
- 15) Í kjölfar umsóknar frá Barry Callebaut Belgium NV, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitni á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif flavanóla úr kakói á innþekjuháða æðavíkkun (e. *effects of cocoa flavanols on endothelium-dependent vasodilation*) (spurning nr. EFSA-Q-2012-00002)⁽⁶⁾. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Flavanólar úr kakói stuðla að því að viðhalda innþekjuháðri æðavíkkun sem stuðlar að heilbrigðu blóðflæði“.
- 16) Hinn 17. júlí 2012 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á flavanólum úr kakói og fullyrta áhrifanna. Því telst heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og

⁽⁵⁾ Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(7), 2292.

⁽⁶⁾ Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(7), 2809.

- ætti að bæta henni við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 432/2012.
- 17) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í álitinu sínu að hún hefði ekki getað komist að þessari niðurstöðu án þess að taka eina íhlutunarrannsókn, gerða á mönnum, sem umsækjandinn hélt fram að nyti einkaleyfaverndar, til athugunar. Það er rannsókn Grassi D, Desideri G, Necozione S, Di Giosia P, Cheli P, Barnabei R, Allegaert L, Bernaert H og Ferri C, 2011. Cocoa consumption dose-dependently improves flow-mediated dilation and arterial stiffness and decreases blood pressure in healthy subjects.
- 18) Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram til rökstuðnings og lítið er svo á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, séu uppfylltar að því er varðar rannsóknina sem fullyrt er að njóti einkaleyfaverndar. Til samræmis við það má ekki nota vísindagögnin og aðrar upplýsingar í þeirri rannsókn í þágu umsækjanda, sem leggur síðar fram umsókn, í fimm ár frá þeim degi sem leyfið var veitt í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri grein.
- 19) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningarinnar að því er þetta varðar. Ef orðalag fullyrðinga sem umsækjandi notar felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að þær staðfesta sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflökks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar ættu þær því að lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 20) Í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 ætti að uppfæra fullyrðingaskrána yfir næringar- og heilsufullyrðingar, sem inniheldur allar leyfðar heilsufullyrðingar, til þess að taka tillit til þessarar reglugerðar.
- 21) Þar eð umsækjendurnir bera fyrir sig vernd einkaleyfisverndaðra gagna telst rétt að takmarka notkun þessara fullyrðinga við umsækjendurna í fimm ár. Leyfið fyrir þessum fullyrðingum, sem er takmarkað til notkunar fyrir einstaka rekstraraðila, kemur þó ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur geti sótt um leyfi til að nota sömu fullyrðingar ef umsóknin er byggð á öðrum gögnum og rannsóknum en þeim sem njóta verndar skv. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.
- 22) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem framkvæmdastjórninni hafa borist, skv. 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 23) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 432/2012 til samræmis við það.
- 24) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. Notkun heilsufullyrðinganna sem um getur í 1. mgr. skal takmörkuð við umsækjendurna í fimm ár frá gildistöku þessarar reglugerðar. Eftir að það tímabil rennur út er öllum stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að nota þessar heilsufullyrðingar í samræmi við skilyrðin sem gilda um þær.

2. gr.

Notkun vísindagagna og annarra upplýsinga sem fylgja umsóknunum, sem umsækjendur fullyrða að njóti einkaleyfaverndar og sem varð að leggja fram til að unnt væri að leyfa heilsufullyrðinguna, er takmörkuð í þágu umsækjandans í fimm ár frá gildistöku þessarar reglugerðar samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

3. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. september 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIBAUKI

Eftirfarandi færslur bætist við í stafrófsröð í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012:

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælamna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
<p>Ný samsetning á óáfengum, súrum drykk með:</p> <p>minna en 1 g af gerjanlegum kolvetnum á hverja 100 ml (sykur og önnur kolvetni að undanskildu fjölkóhóli),</p> <p>— kalsíumi á bilinu frá 0,3 til 0,8 mól á hvert mól syruafnis</p> <p>— pH gildi á bilinu 3,7–4,0.</p>	<p>Með því að skipta út súrum drykkjum sem innihalda sykurl, s.s. gosdrykkjum, (yfrleitt 8–12 g sykurl/100ml) fyrir drykki með nýja samsetningu er stuðlað að því að viðhalda kölkun tanna (*)</p>	<p>Til að hægt sé að nota fullyrðinguna skulu súrir drykkir með nýjar samsetningar vera í samræmi við lýsinguna á matvælunum sem fullyrðingin gildir um.</p>	—	2010 8(12), 1884	—
Hægmeltanleg sterkja	<p>Neysla á vörum sem innihalda mikið af hægmeltanlegri sterkju (SDS) veldur minni hækkun blóðsykurs eftir máltíð samanborið við vörur sem innihalda lítið af hægmeltanlegri sterkju (**)</p>	<p>Einungis má nota fullyrðinguna um matvæli ef mæltanlegu kolvetnin veita a.m.k. 60% af heildarorkunni og ef a.m.k. 55% kolvetnanna eru mæltanleg sterkja og a.m.k. 40% þar af eru hægmeltanleg sterkja.</p>	—	2011 9(7), 2292	—
Flavanólár úr kakói	<p>Flavanólár úr kakói stuðla að því að viðhalda þarholli eða sem stuðlar að eðlilegu blóðflæði (***)</p>	<p>Veita skal neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka flavanóla úr kakói þurfi að vera 200 mg til að fá fram jákvæðu áhrifin.</p> <p>Einungis má nota fullyrðinguna um kakódrykki (með kakódufti) eða um dókkt súkkulaði sem veitir a.m.k. 200 mg daglega inntöku af flavanólum úr kakói með stig fjölliðunar 1–10.</p>	—	2012 10(7), 2809	— ⁴⁴

(*) Leyfi veitt 24.9.2013 og notkun er takmörkuð við GlaxoSmithKline Services Unlimited og hlutdeildarfélag þess GSK House, 980 Great West Road, Brentford, TW89GS, Breska konungsríkinu, í fimm ár.
 (***) Leyfi veitt 24.9.2013 og notkun er takmörkuð við Mondelez International group, Three Parkway North Deerfield, IL 60015, Bandaríkjunum Ameríku, í fimm ár.
 (****) Leyfi veitt 24.9.2013 og notkun er takmörkuð við Barry Callebaut Belgium NV, Aalstersstraat 122, B-9280 Lebbeke-Wieze, Belgíu, í fimm ár.